Nr. 976 3. nóvember 2016

# GJALDSKRÁ

**fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.**

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum og lögum um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum og samkvæmt 8. gr. tóbaksvarnalaga nr. 6/2002 með síðari breytingum, er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Einnig er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari vegna þjónustu heilbrigðiseftirlitsins skv. ofannefndum lögum. Sama gildir um starfsemi sem háð er eftirliti Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. sérstökum samningum um framsal eftirlits með einstökum fyrirtækjaflokkum frá Umhverfisstofnun eða frá Matvælastofnun til heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Tímagjald kr. 12.091

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni í eftirlitsáætlun skv. útlögðum kostnaði.

Af eftirlitsskyldri starfsemi er heimilt að innheimta árlegt gjald eins og fram kemur í viðauka sem birtur er sem fylgiskjal með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemin takmörkuð þannig að eftirlit með starfseminni verið umfangsminna sem því nemur er Heilbrigðiseftirliti Suðurlands heimilt að fella niður allt að helming gjaldsins og að sama skapi taka aukalega gjald sé eftirlitið umfangsmeira en gjaldflokkur segir til um.

Ef starfsemi hefur samning við faggilta skoðunarstofu, hefur vottað gæðakerfi eða rekur innra eftirlit með starfsemi sinni sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld og draga úr eftirliti samkvæmt þessari grein.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald. Þá er áætlaður tími fyrir hvern fyrirtækjaflokk lagður saman en einungis eitt akstursgjald tekið enda eftirlitsferð samnýtt.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

| | |
|---|---|
| Endurnýjun starfsleyfis: | |
| Starfsleyfisgjald | 1,5 tímagjald |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á | |
| Ný starfsemi: | |
| Starfsleyfisgjald | 2 tímagjöld |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á | |
| Önnur leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun s.s. tóbaksöluleyfi: | |
| Starfsleyfisgjald | 2 tímagjöld |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á. | |
| Fyrir húsnæðis- og skipaskoðun: | 4 tímagjöld |

Starfsemi þar sem krafist er tilkynningar- eða skráningarskyldu greiðir 2 tímagjöld við skráningu og umtalsverðar breytingar á starfsemi þ. á m. flutning í nýtt húsnæði.

Starfsemi sem er eftirlitsskyld en er ekki á lista í viðauka greiðir eftirlitsgjald eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

Heimilt er að semja um annað fyrirkomulag óski rekstraraðilar eftir því og skal það þá gert skriflega.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

Verk sem unnin eru skv. ákvæðum samþykkta settum samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir eru gjaldfærð eins og um þjónustuverkefni sé að ræða nema um annað hafi verið samið.

Eftirfylgniferðir og úttektir umfram það sem innifalið er í eftirlitsgjaldi greiðast skv. tímagjaldi viðkomandi fyrirtækjaflokks.

6. gr.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands innheimtir öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari og sbr. fylgiskjal sem birt er með gjaldskránni.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni er heimilt að innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Sama á við um önnur gjöld skv. gjaldskránni.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, 21. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum og samkvæmt 8. gr. tóbaksvarnalaga nr. 6/2002 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1027/2015 fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

*Selfossi, 3. nóvember 2016.*

F.h. heilbrigðisnefndar Suðurlands,

**Sigrún Guðmundsdóttir** framkvæmdastjóri.

**Fylgiskjal.**

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Áætluð tíðni eftirlits /ár | Eftirlitskostnaður pr. fyrirtæki kr. |
|---|---|---|---|
| 01.12.1.0 | Svepparækt | 1 | 63.478 |
| 01.23.0.1 | Svínarækt færri en 2.000 stæði fyrir alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 1 | 45.341 |
| 01.23.0.2 | Svínarækt fleiri en 2.000 stæði fyrir alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 2 | 90.683 |
| 01.24.0.1 | Alifuglarækt færri en 40.000 stæði | 1 | 45.341 |
| 01.24.0.2 | Alifuglarækt fleiri en 40.000 stæði | 2 | 90.683 |
| 01.25.2.0 | Loðdýrabú | 1 | 45.341 |
| 01.41.1.0 | Þjónusta við jarðyrkju og garðyrkju | 0,5 | 22.671 |
| 01.41.1.1 | Garðaúðun | 0,5 | 28.716 |
| 01.42.0.1 | Gæludýrahótel | 0,25 | 9.824 |
| 01.42.0.3 | Dýragæsla | 0,25 | 17.381 |
| 01.42.0.4 | Dýrasnyrtistofur | 0,5 | 22.671 |
| 01.42.0.5 | Dýrasýningar | 0,5 | 34.762 |
| 14.21.0.0 | Malar- og sandnám; vikurnám | 0,5 | 22.671 |
| 14.21.0.1 | Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum | 0,25 | 11.335 |
| 14.50.0.0 | Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu | 0,5 | 25.693 |
| 15.11.0.1 | Sláturhús minna en 50 t/dag | 1 | 69.523 |
| 15.11.0.2 | Sláturhús meira en 50 t/dag | 2 | 139.047 |
| 15.12.0.0 | Alifuglasláturhús | 1 | 81.614 |
| 15.13.0.0 | Reykhús/reykofn | 0,5 | 22.671 |
| 15.13.0.1 | Kjötvinnsla, lítil | 1 | 45.946 |
| 15.13.0.2 | Kjötvinnsla, miðlungs | 1 | 58.037 |
| 15.13.0.3 | Kjötvinnsla, stór | 1 | 76.173 |
| 15.13.0.4 | Kjötvinnsla með reykingu, lítil | 1 | 51.991 |
| 15.13.0.5 | Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs | 1 | 70.128 |
| 15.13.0.6 | Kjötvinnsla með reykingu, stór | 1 | 88.264 |
| 15.13.0.7 | Kjötpökkunarstöð | 1 | 57.432 |
| 15.20.2.0 | Saltfiskverkun | 1 | 36.273 |
| 15.20.4.1 | Heitloftsþurrkun fiskafurða | 1 | 45.341 |
| 15.20.5.0 | Harðfiskverkun | 1 | 39.296 |
| 15.20.6.1 | Vinnsla á ferskum fiski, lítil | 1 | 45.341 |
| 15.20.6.2 | Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs | 1 | 45.341 |
| 15.20.6.3 | Vinnsla á ferskum fiski, stór | 1 | 75.569 |
| 15.20.7.1 | Mjölvinnsla úr sjávarafurðum | 2 | 114.865 |
| 15.20.7.2 | Fiskmjölsvinnsla | 3 | 190.433 |
| 15.20.8.0 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta lítil | 1 | 45.341 |
| 15.20.8.1 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, miðlungs | 1 | 63.478 |
| 15.20.8.2 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, stór | 2 | 151.138 |
| 15.20.9.0 | Önnur ótalin fiskvinnsla | 1 | 45.341 |
| 15.31.0.0 | Vinnsla og pökkun á matjurtum | 0,5 | 31.739 |
| 15.31.0.1 | Kartöfluvinnsla minna en 1 tonn á dag | 1 | 51.387 |
| 15.31.0.2 | Kartöfluvinnsla meira en 1 tonn á dag | 1 | 75.569 |
| 15.31.0.3 | Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju | 1 | 51.387 |
| 15.33.0.1 | Sultu- og ávaxtagrautargerð | 1 | 57.432 |
| 15.33.0.2 | Salatgerð | 1 | 57.432 |
| 15.41.0.1 | Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi minna en 10 tonn á dag | 1 | 51.387 |
| 15.41.0.2 | Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi meira en 10 tonn á dag | 2 | 163.229 |
| 15.42.0.0 | Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti | 1 | 57.432 |
| 15.42.0.1 | Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla | 1 | 63.478 |
| 15.51.0.1 | Mjólkurbú, umhverfiseftirlit eingöngu | 1 | 69.523 |
| 15.51.0.2 | Ostagerð, lítil | 1 | 45.341 |
| 15.52.0.0 | Ísgerð | 2 | 126.956 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Áætluð tíðni eftirlits /ár | Eftirlitskostnaður pr. fyrirtæki kr. |
|---|---|---|---|
| 15.61.0.1 | Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni minna en 300 tonn á dag | 0,5 | 22.671 |
| 15.61.0.2 | Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni | 1 | 45.341 |
| 15.71.1.0 | Framleiðsla húsdýrafóðurs | 0,5 | 22.671 |
| 15.71.2.0 | Framleiðsla fiskeldisfóðurs | 0,5 | 22.671 |
| 15.81.0.2 | Bakarí, lítið | 1 | 45.341 |
| 15.81.0.3 | Bakarí, miðlungs | 1 | 69.523 |
| 15.81.0.4 | Bakarí, stórt | 2 | 163.229 |
| 15.82.0.1 | Kexverksmiðjur | 2 | 151.138 |
| 15.82.0.2 | Kökugerð, lítil | 1 | 42.319 |
| 15.82.0.3 | Kökugerð, miðlungs | 1 | 51.387 |
| 15.82.0.4 | Kökugerð, stór | 1 | 69.523 |
| 15.84.0.1 | Súkkulaði- og sælgætisgerð | 1 | 81.614 |
| 15.85.0.1 | Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli | 1 | 39.296 |
| 15.86.0.0 | Te- og kaffiframleiðsla | 1 | 39.296 |
| 15.86.0.1 | Áhættu- og umfangslítil matvælaframleiðsla | 1 | 39.296 |
| 15.87.0.1 | Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil | 0,5 | 22.671 |
| 15.87.0.2 | Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs | 1 | 57.432 |
| 15.87.0.3 | Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór | 1 | 81.614 |
| 15.91.0.0 | Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja | 1 | 93.705 |
| 15.96.0.0 | Bjórgerð | 1 | 93.705 |
| 15.98.0.1 | Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítil | 1 | 69.523 |
| 15.98.0.2 | Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, miðlungs | 1 | 93.705 |
| 15.98.0.3 | Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór | 2 | 229.729 |
| 20.20.0.0 | Framleiðsla á krossviði, spónaplötum, límtré o.þ.h. | 1 | 93.705 |
| 20.30.9.1 | Trésmíðaverkstæði með lökkun | 0,5 | 22.671 |
| 20.30.9.2 | Trésmíðaverkstæði án lökkunar | 0,5 | 22.671 |
| 22.22.1.0 | Offsett- og hæðarprentun | 1 | 57.432 |
| 22.22.9.1 | Prentiðnaður, lítill | 0,5 | 22.671 |
| 22.22.9.2 | Prentiðnaður, stór | 1 | 57.432 |
| 24.11.0.0 | Framleiðsla á iðnaðargasi | 1 | 45.341 |
| 24.15.0.0 | Áburður, tilbúinn, framleiðsla | 0,5 | 22.671 |
| 24.30.0.1 | Málningarverksmiðjur | 1 | 157.183 |
| 24.42.0.0 | Lyfjagerð | 0,25 | 23.426 |
| 24.51.0.1 | Hreinlætisvöruverksmiðjur | 0,5 | 46.853 |
| 24.52.0.1 | Snyrtivöruframleiðsla | 0,5 | 34.762 |
| 25.13.0.1 | Gúmmívinnsla | 0,5 | 22.671 |
| 25.21.0.1 | Plastiðnaður | 1 | 63.478 |
| 25.21.0.2 | Vinnsla með plast- og frauðefni | 0,5 | 22.671 |
| 25.22.0.0 | Framleiðsla á umbúðaplasti | 0,5 | 34.762 |
| 26.12.0.0 | Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri | 0,25 | 9.824 |
| 26.13.0.0 | Framleiðsla gleríláta | 0,25 | 9.824 |
| 26.21.0.1 | Leirmunaverkstæði | 0,5 | 19.648 |
| 26.61.0.0 | Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 1 | 39.296 |
| 26.63.0.0 | Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu | 0,5 | 28.716 |
| 26.70.0.0 | Steinsmíði | 0,25 | 9.824 |
| 26.82.9.0 | Atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest | 0,5 | 22.671 |
| 26.82.9.1 | Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu | 1 | 69.523 |
| 27.50.0.1 | Málmsteypa minna en 20 tonn á dag | 2 | 139.047 |
| 28.51.0.0 | Meðferð og húðun málma | 0,5 | 28.716 |
| 28.52.0.1 | Blikksmíði | 0,5 | 22.671 |
| 28.74.0.1 | Renniverkstæði | 0,5 | 19.648 |
| 29.11.0.0 | Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði | 0,5 | 25.693 |
| 29.23.0.1 | Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði | 0,5 | 28.716 |

| **ÍSAT-númer** | **Heiti atvinnugreinar** | **Áætluð tíðni eftirlits /ár** | **Eftirlitskostnaður pr. fyrirtæki kr.** |
|---|---|---|---|
| 31.62.0.1 | Rafvélaverkstæði | 0,5 | 22.671 |
| 35.11.0.1 | Stálsmíði og stálskipagerð | 1 | 75.569 |
| 35.11.0.2 | Viðhald og niðurrif skipa | 1 | 81.614 |
| 36.12.0.1 | Húsgagnaiðnaður með lökkun | 0,5 | 22.671 |
| 37.20.0.1 | Endurvinnsla úrgangs | 0,5 | 28.716 |
| 37.20.0.2 | Jarðboranir | 1 | 45.341 |
| 40.10.0.1 | Spennistöðvar | 0,5 | 22.671 |
| 40.10.0.2 | Spennaviðgerðir | 1 | 57.432 |
| 40.10.0.3 | Virkjanir og orkuveitur 2-10 MW | 0,25 | 11.335 |
| 40.10.0.4 | Virkjanir og orkuveitur 10-50 MW | 0,5 | 22.671 |
| 40.10.0.5 | Virkjanir og orkuveitur stærri en 50 MW | 1 | 69.523 |
| 40.10.0.6 | Virkjanir og orkuveitur stærri en 50 MW, m. verkstæðis- og starfsmannaaðstöðu | 2 | 211.593 |
| 40.30.0.1 | Hitaveitur minni en 10 MW | 0,25 | 11.335 |
| 40.30.0.2 | Hitaveitur 10-50 MW | 0,5 | 22.671 |
| 40.30.0.3 | Hitaveitur stærri en 50 MW | 1 | 45.341 |
| 41.00.0.1 | Vatnsveitur 50.001-100.000 íbúa | 34 | 2.363.791 |
| 41.00.0.2 | Vatnsveitur 10.001-50.000 íbúa | 12 | 834.279 |
| 41.00.0.3 | Vatnsveitur 5.001-10.000 íbúa | 7 | 486.663 |
| 41.00.0.4 | Vatnsveitur 1.001-5.000 íbúa | 4 | 229.729 |
| 41.00.0.5 | Vatnsveitur 501-1.000 íbúa | 4 | 181.365 |
| 41.00.0.6 | Vatnsveitur 150-500 íbúa | 1 | 45.341 |
| 41.00.0.7 | Vatnsveitur færri en 150 íbúa | 0,5 | 22.671 |
| 41.00.0.8 | Vatnsveita - einkavatnsból | 0,5 | 19.648 |
| 50.20.0.1 | Dekkjaverkstæði | 0,5 | 22.671 |
| 50.20.0.2 | Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs | 0,5 | 31.739 |
| 50.20.0.3 | Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt | 0,5 | 34.762 |
| 50.20.0.4 | Bifreiða- og vélaverkstæði, með sprautun, lítið | 0,5 | 22.671 |
| 50.20.0.5 | Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs | 0,5 | 34.762 |
| 50.20.0.6 | Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt | 0,5 | 40.807 |
| 50.20.0.7 | Bifreiðasprautun | 0,5 | 22.671 |
| 50.20.0.8 | Bifreiðaréttingar | 0,5 | 22.671 |
| 50.20.0.9 | Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk | 0,5 | 31.739 |
| 50.20.0.10 | Bón- og bílaþvottur, handvirk | 0,25 | 7.557 |
| 50.20.0.11 | Ryðvarnarverkstæði | 0,5 | 48.364 |
| 50.20.0.12 | Smurstöðvar | 0,5 | 28.716 |
| 50.20.0.13 | Viðgerðaaðstaða eigin véla | 0,5 | 22.671 |
| 50.30.0.1 | Bifreiðavarahlutaverslanir | 0,5 | 34.762 |
| 50.30.0.3 | Bílapartasölur | 0,5 | 28.716 |
| 50.50.0.0 | Bensínstöðvar, sjálfvirkar | 1 | 51.387 |
| 50.50.0.1 | Bensínstöðvar án matvæla | 1 | 63.478 |
| 50.50.0.2 | Bensínstöðvar með matvöru | 1 | 99.751 |
| 50.50.0.3 | Bensínstöðvar með veitingasölu | 1 | 136.024 |
| 51.39.0.1 | Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil | 1 | 45.341 |
| 51.39.0.2 | Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs | 1 | 69.523 |
| 51.57.0.1 | Niðurrif bifreiða | 0,5 | 28.716 |
| 51.57.0.2 | Móttaka brotamálms | 2 | 229.729 |
| 51.57.0.3 | Móttaka á úrgangi til endurvinnslu | 0,5 | 28.716 |
| 52.11.1.1 | Stórmarkaðir stærri en 400 m², með matvælavinnslu | 4 | 423.185 |
| 52.11.1.2 | Stórmarkaðir stærri en 400 m², án matvælavinnslu | 2 | 187.411 |
| 52.11.2.1 | Matvöruverslun með vinnslu, lítil | 1 | 51.387 |
| 52.11.2.2 | Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs | 1 | 75.569 |
| 52.11.2.3 | Matvöruverslun með vinnslu, stór | 2 | 175.320 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Áætluð tíðni eftirlits /ár | Eftirlitskostnaður pr. fyrirtæki kr. |
|---|---|---|---|
| 52.11.2.4 | Matvöruverslun án vinnslu, lítil | 1 | 51.387 |
| 52.11.2.5 | Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs | 1 | 57.432 |
| 52.11.2.6 | Matvöruverslun án vinnslu, stór | 2 | 139.047 |
| 52.11.3.1 | Söluturnar án óvarinna matvæla | 1 | 39.296 |
| 52.11.3.2 | Söluturnar með óvarin matvæli, litlir | 1 | 39.296 |
| 52.11.3.3 | Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs | 1 | 45.341 |
| 52.11.3.4 | Söluturnar með óvarin matvæli, stórir | 1 | 57.432 |
| 52.23.0.1 | Fiskbúðir, litlar | 1 | 45.341 |
| 52.23.0.2 | Fiskbúðir, miðlungs | 1 | 57.432 |
| 52.23.0.3 | Fiskbúðir, stórar | 1 | 63.478 |
| 52.24.0.0 | Smásala á innpökkuðum matvælum | 0,5 | 25.693 |
| 52.24.0.1 | Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu | 1 | 42.319 |
| 52.24.0.2 | Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu | 1 | 45.341 |
| 52.24.0.3 | Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu | 1 | 69.523 |
| 52.25.0.0 | Áfengisverslun | 0,5 | 22.671 |
| 52.27.0.0 | Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum | 1 | 63.478 |
| 52.49.1.0 | Gæludýraverslun | 0,25 | 9.824 |
| 52.49.9.1 | Véla- og tækjasölur | 0,5 | 46.853 |
| 52.50.0.0 | Smásala með notaða muni í verslunum | 0,5 | 46.853 |
| 52.62.0.0 | Markaðir | 1 | 45.341 |
| 52.62.0.1 | Markaðir, litlir eða mjög stuttur tími | 0,5 | 13.602 |
| 55.11.0.1 | Hótel með veitingasölu, lítið 17-49 gestir | 1 | 81.614 |
| 55.11.0.2 | Hótel/gistiheimili með veitingasölu, miðlungs 50-100 gestir | 2 | 163.229 |
| 55.11.0.3 | Hótel/gistiheimili með veitingasölu, stórt, +100 gestir | 2 | 187.411 |
| 55.12.0.0 | Gisting á einkaheimili án veitinga fyrir allt að 10 gesti | 0,25 | 11.335 |
| 55.12.0.1 | Gististaðir án veitinga, allt að 16 gestir | 0,5 | 22.671 |
| 55.12.0.2 | Gististaðir án veitingasölu, 17-49 gestir | 1 | 57.432 |
| 55.12.0.3 | Gististaðir án veitingasölu, fleiri en 50 gestir | 1 | 69.523 |
| 55.12.0.4 | Útleiga stakra sumarhúsa/íbúðarhúsnæðis | 0,25 | 11.335 |
| 55.14.0.1 | Starfsmannabúðir f. allt að 16 manns | 1 | 57.432 |
| 55.14.0.2 | Starfsmannabúðir 17-50 manns, tímabundin starfsemi | **1** | 63.478 |
| 55.14.0.3 | Starfsmannabúðir 51-100 manns, tímabundin starfsemi | **1** | 69.523 |
| 55.14.0.4 | Starfsmannabúðir 101-500 manns, tímabundin starfsemi | **1** | 87.660 |
| 55.14.0.5 | Starfsmannabúðir 501-1.000 manns, tímabundin starfsemi | **1** | 99.751 |
| 55.21.0.1 | Fjallaskálar heilsársnotkun | 0,5 | 42.319 |
| 55.21.0.2 | Fjallaskálar sumarnotkun | 0,25 | 21.159 |
| 55.22.0.1 | Tjaldsvæði, lítið | 0,25 | 15.869 |
| 55.22.0.2 | Tjaldsvæði, miðlungs | 0,5 | 22.671 |
| 55.22.0.3 | Tjaldsvæði, stórt | 1 | 45.341 |
| 55.22.0.4 | Þjóðgarðar með tjaldsvæðum og þjónustuhúsi m/veitingum | 1 | 81.614 |
| 55.23.0.1 | Orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu | 1 | 69.523 |
| 55.23.0.2 | Orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu | 0,5 | 28.716 |
| 55.30.1.1 | Veitingastaðir, litlir | 1 | 51.387 |
| 55.30.1.2 | Veitingastaðir, miðlungs | 1 | 69.523 |
| 55.30.1.3 | Veitingastaðir, stórir | 1 | 93.705 |
| 55.30.1.4 | Skyndibitastaðir, litlir (allt að 50 gestir) | 1 | 45.341 |
| 55.30.1.5 | Skyndibitastaðir, miðlungs (50-100 gestir) | 1 | 75.569 |
| 55.30.1.7 | Matsöluvagnar | 1 | 45.341 |
| 55.30.1.8 | Veitingaverslun, brauðstofur, ísbúðir | 1 | 57.432 |
| 55.30.2.0 | Skemmtistaðir með matsölu | 1 | 87.660 |
| 55.30.2.1 | Skemmtistaðir án matsölu | 0,5 | 28.716 |
| 55.40.0.0 | Kaffihús | 1 | 45.341 |
| 55.40.0.1 | Krár, kaffihús með matsölu | 1 | 87.660 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Áætluð tíðni eftirlits /ár | Eftirlitskostnaður pr. fyrirtæki kr. |
|---|---|---|---|
| 55.40.0.2 | Krár, kaffihús án matsölu | 1 | 45.341 |
| 55.40.0.3 | Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur | 0,25 | 11.335 |
| 55.40.0.4 | Samkomusalir með móttökueldhúsi | 0,5 | 31.739 |
| 55.40.0.5 | Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi | 1 | 87.660 |
| 55.51.0.1 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið | 1 | 45.341 |
| 55.51.0.2 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs | 1 | 51.387 |
| 55.51.0.3 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt | 1 | 81.614 |
| 55.51.0.4 | Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið | 0,5 | 28.716 |
| 55.51.0.5 | Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs | 1 | 45.341 |
| 55.51.0.6 | Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt | 1 | 63.478 |
| 55.52.0.1 | Sala á tilbúnum mat, lítil | 1 | 45.341 |
| 55.52.0.2 | Sala á tilbúnum mat, miðlungs | 1 | 57.432 |
| 55.52.0.3 | Sala á tilbúnum mat, stór | 2 | 139.047 |
| 61.10.0.0 | Samgöngur á sjó | 1 | 45.341 |
| 63.12.0.1 | Vörugeymslur, litlar - vöruflutningar | 0,5 | 25.693 |
| 63.12.0.2 | Vörugeymslur, miðlungs | 1 | 57.432 |
| 63.12.0.3 | Vörugeymslur, stórar | 1 | 63.478 |
| 63.12.0.5 | Kæli- og frystigeymslur, fiskmarkaðir og klakagerð | 0,5 | 22.671 |
| 63.12.0.6 | Gasbirgðastöðvar með > 100 m³ geymslurými (STP) | 1 | 57.432 |
| 63.12.0.7 | Gasbirgðastöðvar með < 100 m³ geymslurými (STP) | 0,5 | 22.671 |
| 63.21.0.1 | Vöruflutningamiðstöðvar | 0,5 | 22.671 |
| 63.22.0.0 | Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu | 1 | 99.751 |
| 63.23.0.1 | Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu | 0,5 | 40.807 |
| 63.23.0.2 | Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu | 0,25 | 9.824 |
| 74.70.0.0 | Meindýravarnir | 0,5 | 28.716 |
| 75.23.0.1 | Fangelsi, lítið | 1 | 57.432 |
| 75.23.0.2 | Fangelsi, miðlungs | 1 | 69.523 |
| 75.23.0.3 | Fangelsi, stórt | 2 | 235.775 |
| 75.25.0.1 | Æfingasvæði slökkviliðs | 0,25 | 9.824 |
| 80.10.0.1 | Grunnskólar án mötuneytis með leiksvæði | 0,5 | 34.762 |
| 80.10.0.2 | Grunnskólar með móttökueldhúsi og leiksvæði | 1 | 81.614 |
| 80.10.0.3 | Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi og leiksvæði | 1 | 93.705 |
| 80.21.0.1 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi án mötuneytis | 0,5 | 34.762 |
| 80.21.0.3 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi með fullbúnu eldhúsi | 1 | 93.705 |
| 80.30.0.1 | Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mötuneytis | 0,5 | 34.762 |
| 80.30.0.3 | Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi | 1 | 93.705 |
| 80.41.0.0 | Ökuskólar, flugskólar o.fl. | 0,25 | 11.335 |
| 80.42.2.0 | Tónlistarskólar | 0,5 | 22.671 |
| 80.42.9.0 | Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla | 0,25 | 11.335 |
| 85.11.1.1 | Deildaskipt sjúkrahús, lítið/án mötuneytis | 0,5 | 34.762 |
| 85.11.1.2 | Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs/með móttökueldhúsi | 1 | 93.705 |
| 85.11.1.3 | Deildaskipt sjúkrahús, stórt/með fullbúnu eldhúsi | 1 | 129.978 |
| 85.11.3.0 | Endurhæfing | 0,5 | 22.671 |
| 85.11.3.4 | Endurhæfing, með fullbúnu eldhúsi, með sundlaug, stór | 2 | 235.775 |
| 85.11.4.1 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil/án mötuneytis | 0,5 | 28.716 |
| 85.11.4.2 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi | 1 | 81.614 |
| 85.11.4.3 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi | 1 | 105.796 |
| 85.11.4.4 | Vistheimili | 0,5 | 28.716 |
| 85.12.1.1 | Heilsugæslustöðvar | 0,5 | 34.762 |
| 85.12.2.1 | Læknastofur | 0,25 | 11.335 |
| 85.12.2.2 | Læknahús með aðgerðarstofum | 0,5 | 22.671 |
| 85.13.1.1 | Tannlæknastofur | 0,5 | 22.671 |
| 85.13.2.0 | Tannsmíðar | 0,5 | 22.671 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Áætluð tíðni eftirlits /ár | Eftirlitskostnaður pr. fyrirtæki kr. |
|---|---|---|---|
| 85.14.1.1 | Sjúkraþjálfun | 0,5 | 22.671 |
| 85.14.3.0 | Rannsóknarstofur í læknisfræði | 0,5 | 22.671 |
| 85.14.9.1 | Fótaaðgerðarstofur | 0,5 | 22.671 |
| 85.14.9.2 | Kírópraktorar | 0,25 | 9.824 |
| 85.14.9.3 | Yogastofur, heilun o.fl. | 0,25 | 9.824 |
| 85.14.9.5 | Húðflúrstofur, húðgötun | 1 | 51.387 |
| 85.20.0.2 | Dýralæknastofur | 0,5 | 22.671 |
| 85.20.0.3 | Dýraspítalar | 0,5 | 34.762 |
| 85.31.1.0 | Heimili fyrir börn og unglinga | 0,5 | 22.671 |
| 85.31.1.2 | Sumarbúðir fyrir börn, fullbúið eldhús | 1 | 57.432 |
| 85.31.3.0 | Dvalarheimili fyrir aldraða, móttökueldhús | 0,5 | 28.716 |
| 85.31.3.1 | Dvalarheimili fyrir aldraða, fullbúið eldhús | 1 | 81.614 |
| 85.31.4.0 | Heimili fyrir fatlaða, sambýli með heimiliseldhúsi | 0,5 | 22.671 |
| 85.31.4.2 | Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, lítið | 1 | 39.296 |
| 85.31.4.3 | Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, miðlungs | 1 | 57.432 |
| 85.32.1.1 | Dagforeldrar með fleiri en 6 börn | 0,25 | 11.335 |
| 85.32.2.1 | Leikskólar með móttökueldhúsi og leiksvæði | 1 | 69.523 |
| 85.32.2.2 | Leikskólar með fullbúið eldhús og leiksvæði | 1 | 81.614 |
| 85.32.2.3 | Opin leiksvæði og gæsluvellir | 0,5 | 28.716 |
| 85.32.3.2 | Skóladagheimili og leiksvæði | 1 | 51.387 |
| 85.32.4.0 | Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi | 0,5 | 25.693 |
| 85.32.6.1 | Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi | 1 | 57.432 |
| 85.32.6.2 | Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi | 1 | 81.614 |
| 90.00.0.1 | Skólphreinsistöðvar fyrir meira en 150.000 pe | 2 | 163.229 |
| 90.00.0.2 | Skólphreinsistöðvar fyrir meira en 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða meira en 2.000 pe | 1 | 81.614 |
| 90.00.0.3 | Aðrar skólphreinsistöðvar | 0,5 | 28.716 |
| 90.00.0.4 | Gámastöð | 0,5 | 28.716 |
| 90.00.0.5 | Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni | 0,5 | 34.762 |
| 90.00.0.6 | Flutningur og hreinsun á seyru | 0,5 | 34.762 |
| 90.00.0.7 | Sorpflutningar og sorphirða | 1 | 69.523 |
| 90.00.0.8 | Sorpförgun, flokkun og vinnsla | 1 | 105.796 |
| 90.00.0.9 | Áhaldahús sveitarfélaga og stofnana | 0,5 | 22.671 |
| 90.00.1.1 | Fráveitur þéttbýliskjarna minna en 2.000 pe | 0,25 | 12.847 |
| 90.00.1.2 | Fráveitur þéttbýliskjarna meira en 2.000 pe | 0,5 | 25.693 |
| 91.31.1.1 | Kirkjur | 0,25 | 9.824 |
| 91.31.1.2 | Kirkjur með safnaðarheimili og með móttökueldhúsi | 0,5 | 25.693 |
| 92.13.0.1 | Kvikmyndahús | 0,5 | 31.739 |
| 92.31.0.1 | Leikhús | 0,5 | 22.671 |
| 92.34.0.1 | Dansskólar | 0,25 | 11.335 |
| 92.34.0.2 | Önnur ótalin menningar- og afþreyingarstarfsemi | 1 | 45.341 |
| 92.53.0.1 | Dýragarðar | 0,5 | 34.762 |
| 92.61.0.1 | Sundstaðir, litlir | 1 | 57.432 |
| 92.61.0.2 | Sundstaðir, miðlungs | 2 | 139.047 |
| 92.61.0.3 | Sundstaðir, stórir | 4 | 278.093 |
| 92.61.0.4 | Íþróttahús, lítil | 0,5 | 22.671 |
| 92.61.0.5 | Íþróttahús, miðlungs | 0,5 | 28.716 |
| 92.61.0.6 | Íþróttahús, stór | 1 | 57.432 |
| 92.61.0.7 | Sundstaðir og íþróttamannvirki sambyggð | 2 | 163.229 |
| 92.61.0.8 | Íþróttavellir | 0,25 | 9.824 |
| 92.61.0.9 | Skíðaskálar, skíðasvæði | 0,5 | 42.319 |
| 92.62.0.1 | Hestahald, hestaleigur og reiðskólar | 0,25 | 11.335 |
| 92.72.0.1 | Skotvellir | 0,25 | 11.335 |

| **ÍSAT-númer** | **Heiti atvinnugreinar** | **Áætluð tíðni eftirlits /ár** | **Eftirlitskostnaður pr. fyrirtæki kr.** |
|---|---|---|---|
| 93.01.0.0 | Þvottahús og efnalaugar | 0,5 | 34.762 |
| 93.01.0.1 | Þvottahús | 0,5 | 28.716 |
| 93.01.0.2 | Efnalaugar | 0,5 | 34.762 |
| 93.02.0.0 | Hárgreiðslu- og snyrtistofur | 0,5 | 22.671 |
| 93.02.0.1 | Hárgreiðslu- og rakarastofur | 0,5 | 22.671 |
| 93.02.0.2 | Snyrtistofur | 0,5 | 22.671 |
| 93.02.0.3 | Baðhús | 0,5 | 22.671 |
| 93.02.0.4 | Náttúrulaug í flokki 1 | 2 | 90.683 |
| 93.02.0.5 | Náttúrulaug í flokki 2 | 1 | 45.341 |
| 93.03.0.1 | Líkbrennslur | 0,25 | 11.335 |
| 93.04.0.1 | Líkamsræktarstöðvar, litlar | 0,5 | 22.671 |
| 93.04.0.2 | Líkamsræktarstöðvar, miðlungs | 1 | 45.341 |
| 93.04.0.3 | Líkamsræktarstöðvar, stórar | 1 | 57.432 |
| 93.04.0.4 | Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum | 1 | 45.341 |
| 93.04.0.5 | Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum | 1 | 57.432 |
| 93.04.0.6 | Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum | 1 | 57.432 |
| 93.04.0.7 | Sólbaðsstofur | 0,5 | 22.671 |
| 93.04.0.9 | Nuddstofur | 0,5 | 22.671 |
| 97.00.0.2 | Almenningssalerni | 0,25 | 11.335 |